

Saman getum við breytt heiminum

Við eigum öll kost á að taka þátt í sjálfbærni sama hvort um er að ræða í stóru eða smáu samhengi, segir Sigríður Hrund Pétursdóttir framkvæmdastýra og stofnandi Vinnupalla og fjárfestir. Góð leið er að velja sér eitt eða nokkur af sautján sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, vinna með þau í nærumhverfinu og æfa sig síendurtekið.

G2i2 Summit er ráðstefna sem haldin var 28. október síðastliðinn hjá Sameinuðu þjóðunum og hafði það að markmiði að tengja saman ólíka hlutaðeigendur sem og lítil og meðalstór fyrirtæki, fjárfesta, sjóði, stjórnvöld, stórfyrirtæki, félagasamtök og háskóla til að samstillta skuldbindingar og frumkvæði tengdum sjálfbærni, „net-zero“ og fjölbreytni, efnahagslegu réttlæti og inngildingunni (DEI). G2i2 2022 ráðstefnan lagði áherslu á hvernig virkja mætti sameinað áttak til framkvæmda til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda sem og kynjaójafnrétti í heiminum. Ólíkir hlutaðeigendur ræddu t.d. hvernig efla mætti rekstur kvenna og minnihlutahópa í hreinni orku, sjálfbærri matarframleiðslu, geimfræðum og tækni.

Mikilvægt er að hvert og eitt okkar sé meðvitað um að við búum í alþjóðabörpi og öll eigum við að vera virkir sjálfbærniþátttakendur í okkar helsta nærumhverfi. Enginn getur allt en við getum öll eitthvað. Konur endurspeglar helming vinnuafls í heiminum og með markvissum hvötum eins og fjárfestingum og styrkjum til kvenna er hægt að styðja enn frekar við framfarir er styðja við sjálfbærni. Ég hvet einstaklinga að líta sér nær, breyta kaup- og neysluhegðun sinni og huga að hvernig við getum stutt hvert við annað með sanngjarnari dreifingu fjármagns. Það er okkar hlutverk að vera virkir þátttakendur í alþjóðasamfélaginu.

„Það var afar ánægjulegt að vera boðið að taka þátt í panel á alþjóðlegri samráðsráðstefnu sem G2i2“, segir Sigríður Hrund. Ég tek að mér mörg þjónandi hlutverk í lífinu og mætti sem fulltrúi lítills fyrirtækis, frumkvöðuls og einkafjárfestis. Boðið kom í gegnum alþjóðlegt tengslanet kvenna og þarna hittust til dæmis konur úr ólíkum atvinnugeirum frá BPW International – Business Professional Women – sem eru alþjóðleg samtök kvenna í atvinnulífinu og stofnuð árið 1930. Samtökin eru nátengd Sameinuðu þjóðunum og hafa unnið með þeim að réttindum kvenna frá upphafi. Þess ber að geta að BPW rekur deild á Íslandi sem finna má á FB og bpwiceland.is og ég er heppin að vera félagskona í þeirri deild með öðrum góðum konum.